

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 09 - 2021

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: Mánudagur 15. nóv 2021 kl. 13:00-15:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Jón Kristófer Arnarson (TEAMS), Halldór Þorgeirsson (TEAMS), Margrét Björnsdóttir (TEAMS), Jóhannes Sveinbjörnsson. Torfi Jóhannesson boðaði forföll, Guðveig Lind Eyglóardóttir forföll.

Gestir fundar: Christian Schultze rannsókn- og alþjóðafulltrúi undir 1. lið og Theódóra Ragnarsdóttir fjármálastjóri undir 2. lið.

1. Umsókn til Evrópusambandsins– samstarfsnet háskóla - kynning og umræður

Christian Schultze kynnti hugmyndir um þátttöku Lbhí í umsókn til Evrópusambandsins inn í samstarfsnet evrópskra háskóla –The European University Initiative. Eftir tvö köll hefur 41 háskóli tekið þátt og er Háskóli Íslands eini íslenski þátttakandinn, það er í Aurora netverkinu í öðru kallinu. Boðað hefur verið þriðja kall sem verður það síðasta, og er umsóknarfrestur í mars 2022. Þarna eru töluverðir möguleikar, opnað er fyrir nýja þátttakendur. Mikilvægt getur verið að sýna áhuga og vera með – það getur opnað ýmsa möguleika á samstarfi. Christian kynnti hugmyndir um netverkið UNIGREEN með nokkrum þjóðum – sendir glærurnar. Planið er að sækja um ca 5 milljónir evra. Lbhí bærir þar ábyrgð á verkþætti 9 (WP9). Ef Lbhí er með og þetta verður samþykkt verður Lbhí einn af “grænum háskólum Evrópu”. Aðilar að umsókninni skrifa undir “mission statement” eftir áramót.

2. Fjármál og rekstur – kynning og umræður

- a. Theodóra Ragnarsdóttir kynnti almennt stöðu fjármála: lítið nýtt er að fréttu í því frá síðasta fundi. Verið er að samþætta áætlanir frá deildum, en þar sem enn er verið að vinna að myndun ríkisstjórnar er eftir að leggja fram fjárlög – trúlega verður ekki hægt að leggja fram endanlegar tölur í áætlun fyrr en öðru hvoru megin við áramót. Þetta þýðir að við verðum að hafa allt tilbúið en vera tilbúin til að breyta öllu með litlum fyrirvara.
- b. Endurmenntun: Birt var yfirlit um rekstur endurmenntunar frá 2016. Covid-19 hafði veruleg áhrif á rekstur endurmenntunar á árinu 2020 eins og vænta mátti, en árið 2021 lítur betur út. En ef lítið er til árána þar á undan, hefur rekstur endurmenntunar verið erfiður samkvæmt framlögðu yfirliti, þrátt fyrir að tekjur af henni hafi hækkað jafnt og þétt eða úr rúmum 24 milljónum árið 2016 í tæpar 45 milljónir árið 2019, en á sama tíma hækkaði beinn launakostnaður við endurmenntun úr 17,2 í 25,8 milljónir. Jóhannes óskaði eftir nánari sundurliðun útgjalda, þar sem það auðveldar aðkomu háskólaráðs að frekari umræðu um fyrirkomulag endurmenntunar. Slík sundurliðun verður lögð fram fyrir næsta fund háskólaráðs.
- c. Rektor kynnti hugmyndir um stofnun nýsköpunar- & þróunarseturs í samstarfi við Bifröst. SSV, Íslandsstofa, UAR, ANR og fleiri aðilar mundu einnig koma að málinu. Ef af yrði er þó hugmyndin að grunnfjármögnun uppá 10 milljónir kæmi frá hvorum skólanna. Hugmyndin er að fyrsta verkefnið snerist um að móta framtíðarsýn í landbúnaði og umhverfismálum til næstu 20 ára. Rætt var um tilgang með

Þessu framtaki, og kom fram að þetta gæti vakið jákvæða athygli á skólunum og samstarfi þeirra og dregið inn nýtt fjármagn. Ekki liggur fyrir hvort þetta form, stofnun seturs, sé líklegra en önnur form til að draga inn nýja þekkingu og miðla henni, sem er jú megin hlutverk háskóla. Rætt var að annar möguleiki væri að stofna til verkefnis á þessu sviði sem skólarnir hefðu samstarf um, og sækja um styrki í það. Áfram verður rætt við hlutaðeigandi aðila um málið, þar á meðal ráðuneytið, og háskólaráð verður haft með í ráðum áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

d. Hestbúið: Sú hugmynd var rædd að færa rekstur Hestbúsins undir kennitölu Hvanneyrabúsins, til að nýta samlegðaráhrifin, m.t.t. skatta, tækja, mannafla o.sfrv. Ræddir voru kostir og gallar við slíkt fyrirkomulag. Það hefur verið reynt áður, og ýmis mistök gerð sem þarf að læra af. Háskólaráð leggur áherslu á að allar mögulegar breytingar á rekstrarforminu verði unnar í góðu samstarfi við starfsfólk Hestbúsins og Hvanneyrabúsins og háskólaráð haft með í ráðum áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Samþykkt að hefja samtalið við ráðuneytið.

3. Drög að loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun – kynning og umræður:

Krafa er á allar opinberar stofnanir að setja sér loftslagsstefnu. Fyrirtækið Environice hefur verið að vinna í þessu fyrir Lbhí - háskólaráðsfulltrúar eru beðnir um að rýna framlögð skjöl, málið verður lagt fram til samþykktar á næsta háskólaráðsfundi. Rætt var að skerpa þyrfti á því sem lýtur að sérstöðu þessarar stofnunar m.t.t. búrekstrarins, sbr. bókun háskólaráðs frá því í sumar. Einnig varðandi nytjaskógrækt og möguleika hennar m.t.t. kolefnisjöfnunar innan bújarða.

4. Drög að upplýsingastefnu – kynning og umræður:

Kynnt var skjal unnið af Guðjóni kerfisstjóra og Guðmundu mannauðsstjóra. Rætt var um gagnaskil við starfslok og hvar slíkt skarast við persónuverndarstefnu, mögulega þarf að taka betur á þessu í upplýsingastefnu og verklagi við framkvæmd hennar. Rektor mun biðja persónuverndarfulltrúa skólans um álit. Málið verður lagt fram til samþykktar á næsta háskólaráðsfundi.

5. Drög að reglum um nýráðningar, framgang, rannsóknamisseri og ótímabundna ráðningu – kynning og umræður

Drögin voru lögð fram til kynningar og stuttrar umræðu. Fjögur skjöl voru lögð fram, sem kæmu í stað núverandi reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2012. Nánar tiltekið voru þetta drög að reglum um a) framgang; b) nýráðningar; c) rannsóknamisseri og d) ótímabundna ráðningu. Þetta regluverk þarf einnig að fara fyrir háskólafund. Knappur tími var til umræðu hér. Jón Kristófer benti á að einnig þyrfti að skerpa á reglum um tímabundnar ráðningar. Jóhannes vakti athygli á að í þeim drögum sem liggja fyrir að reglum um rannsóknaleyfi er ekkert rætt um ferða- og dvalarkostnað, og sömuleiðis að skortur er á skýrum vinnumatsreglum er varðar skyldu umsækjanda til að hafa sinnt að fullu kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin misseri. Slíkar reglur þyrftu að taka á því að við okkar stofnun eru ekki einungis þrjár megin vinnuþættir, þ.e. rannsóknir, kennsla og stjórnun, heldur einnig sá fjórði sem er þjónusta af margvíslegu tagi, við atvinnuvegi og stjórnvöld. Rætt var mikilvægi þess að hafa allar reglur gegnsæjar svo stjórnendur þurfi sem minnst að styðjast við huglægt mat þegar álitamál koma upp.

6. Mál lögð fram til kynningar og næsti fundur

Hópur frá Latvia University of Life Sciences and Technologies heimsækir okkur 7. og 8. desember nk. Áætlað er að bjóða hópnum í kvöldverð 7. des. Háskólaráðsfulltrúar eru velkomnir og láti rektor vita ef þeir vilja fá boð í kvöldverðinn.

Fulltrúar Orkídeu heimsótti garðyrkjubændur í Reykholti á Suðurlandi og átti góðar umræður um framtíðartækifæri garðyrkjunnar á Íslandi.

Ekki er búið að slá af jólahlaðborð starfsmanna sem er á dagskrá 10. desember. Háskólaráðsfulltrúar láti rektor vita ef þeir vilja þiggja boð.

7. Heimsókn í jarðræktarmiðstöð

Ragnheiður og Jóhannes fóru í jarðræktarmiðstöð þar sem starfsfólk (Þóroddur, Friederike, Sunna, Egill) hafði undirbúið veitingar og fyrirlestra. Veitingunum voru gerð skil en ákveðið að bíða með fyrirlestra og formlega kynningu fyrir háskólaráð þar til betri mæting næst.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 13. desember kl. 13:00.